



Alþýðusamband Íslands

Endurskoðuð hagspá 2011 - 2013

Hagdeild ASÍ
Mars 2011

Botninum náð og hægur vöxtur framundan

Allt bendir til þess að viðsnúningur sé að verða í íslensku efnahagslífi og hægur bati sé framundan næstu árin. Staðan á vinnumarkaði verður áfram erfið en mun lagast í takt við batnandi efnahagslíf. Í lok spátímans verður atvinnuleysið komið niður í 5,2%. Tímabundnar aðgerðir stjórnvalda styðja við heimilin og staða þeirra vænkast nokkuð en verður áfram þröng. Mikið atvinnuleysi, háar skuldir og auknar opinberar álögur takmarka vöxt ráðstöfunartekna heimilanna og neyslu þeirra á næstu misserum.

Þrátt fyrir mikinn afgang af viðskiptum við útlönd verður gengi krónunnar áfram veikt. Gert er ráð fyrir að krónan styrkist um 10% á spátímanum og gengisvísitalan verði 195 stig í lok spátímans. Verðbólga verður hófleg, sveiflast í kringum verbólgumarkmið Seðlabankans og verður á bilinu 2,2% – 3,0% á tímabilinu.

Hagdeildin spáir því að eftir tveggja ára samdrátt fari landsframleiðsla vaxandi á þessu ári og aukist um 2,5%. Hægur vöxtur verður áfram á árunum 2012 og 2013 þar sem landsframleiðslan vex um ríflega 2% á ári.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

	Í ma.kr. 2010	Áætlun 2010	Spá 2011	Spá 2012	Spá 2013
Hlutfallsleg breyting					
Einkaneysla	782,6	-0,2	2,0	2,3	2,0
Samneysla	399,0	-3,2	-4,8	-2,2	-0,3
Fjármunamyndun	198,9	-8,1	17,0	14,1	10,3
þar af atvinnuvegir	122,6	0,9	34,1	18,6	9,8
þar af húsnæði	35,5	-17,0	0,0	8,0	20,0
þar af hið opinbera	40,8	-22,4	-22,6	-3,7	2,0
Þjóðarútgjöld	1.377,1	-2,5	2,5	3,1	2,9
Útflutningur	869,3	1,1	1,8	2,4	2,3
Innflutningur	706,9	3,9	1,6	4,5	3,5
Landsframleiðsla	1.539,5	-3,5	2,5	2,1	2,3
Verðbólga ¹		5,4	2,2	3,0	2,7
Atvinnuleysi ²		8,1	7,4	6,1	5,2
Gengisvísitala ³		217	203	199	195
Viðskiptajöfnuður ⁴		1,7	8,6	7,8	7,6

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu


Spáin byggir á svipuðum forsendum og spá hagdeildar frá því í haust. Gert er ráð fyrir að jafnvægi í opinberum fjármálum verði náð árið 2013. Einnig er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við endurbætur á álverinu í Straumsvík og tengdar orkuframkvæmdir. Vegna óvissu um framhald framkvæmda við álver í Helguvík er ekki gert ráð fyrir þeim né framkvæmdum því tengdu á spátímanum. Þá er gengið út frá því að friður haldist á vinnumarkaði og kjarasamningar verði gerðir til þriggja ára.

Einnig er gert ráð fyrir því að lausn náist í svo kallaðri Icesave-deilu við Breta og Hollendinga á árinu og traust á íslensku efnahagslífi aukist í kjölfarið þannig að aðgengi að erlendu lánsfé batni. Ef Icesave-deilan dregst hins vegar á langinn má gera ráð fyrir að það hamli en frekar aðgengi að lánamörkuðum erlendis og tefji framkvæmdir við uppbyggingu atvinnulífsins enn frekar.

Til viðbótar er nú einnig gert ráð fyrir framkvæmdum við kísilverksmiðju í Helguvík og tengdum orkuframkvæmdum.

Í haustspánni var gert ráð fyrir því að hluta af niðurskurði í opinberum framkvæmdum yrði mætt með einkaframkvæmdum. Vegna mikillar óvissu um fjármögnun þessara verkefna er nú aðeins gert ráð fyrir því að ráðist verði í framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng síðar á þessu ári.

Hagvöxtur



Staða heimilanna vænkast

Staðan heimilanna vænkast heldur á næstu misserum en verður þó áfram þröng. Tímabundnar aðgerðir stjórnvalda til aðstoðar skuldugum heimilum, endurgreiðslur vegna ofgreiddra afborgana á gengistryggðum lánum og útgreiðsla á séreignarsparnaði, létta undir með heimilum á næstu misserum. Á móti vega hækkunar á opinberum álögum, erfitt atvinnuástand, miklar skuldir auk þess sem mikil óvissa heldur aftur af neyslu almennings.

Gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna vaxi á árinu eftir um fjórðungs samdrátt síðustu tvö ár. Kaupmáttur ráðstöfunarekna mun vaxa mest á yfirstandandi ári, þegar áhrif af tímabundinni aðstoð við skuldug heimili koma fram, en litlar breytingar verða næstu tvö árin þar á eftir þegar áhrif aðgerðanna dvína. Neysla heimilanna tekur hægt við sér á ný í takt við aukinn kaupmátt og batnandi atvinnuástand, eftir mikinn samdrátt síðustu þrjú árin. Einkaneyslan heldur áfram að vaxta næstu tvö árin en hægfara samanborið við vöxtinn á árunum 2003 til 2007 þegar neyslan jókst að meðaltali um 7% á ári.

Hagdeildin gerir nú ráð fyrir því að neysla heimilanna aukist um 2,0% á þessu ári. Á næsta ári eykst einkaneysla um 2,3% og um 2,0% árið 2013.

Strangt aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga


Ríki og sveitarfélög glíma við mikinn rekstrarvanda í kjölfar efnahagshrunsins þegar tekjustofnar drógust saman og útgjöld jukust einkum vegna atvinnuleysis og vaxtagreiðslna af erlendum skuldum. Staða ríkis og sveitarfélaga fer þó hægt batnandi. Rekstrarhalli ríkissjóðs lækkaði umtalsvert í fyrra, fór úr 123 milljörðum í 95 milljarða króna milli ár. Einnig hefur dregið úr hallarekstri sveitarfélaganna en nokkuð minna eða úr 15 milljörðum króna á árinu 2009 í 13 milljarða króna í fyrra. Efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS gerir ráð fyrir að frumjöfnuður, þ.e. jöfnuður á rekstri ríkis og sveitarfélaga að undanskildum vaxtatekjum og vaxtagjöldum, verði jákvæður strax á þessu ári um 1% af landsframleiðslu og að afgangur verði af heildarjöfnuði árið 2013. Til að ná þessum markmiðum

þurfa bæði ríki og sveitarfélög að aðlaga fjármál sín að lægri tekjum. Lítið svigrún er eftir til tekjuöflunar og því óumflýjanlegt að hagræða enn frekar í rekstri hins opinbera.

Framundan eru því ár áframhaldandi niðurskurðar og hagdeildin gerir nú ráð fyrir ívið meiri samdrætti í samneyslu en í haustspánni. Hagdeildin spáir því að samneysla dragist saman um 4,8% í ár, á næsta ári minnki samneyslan um önnur 2,2% og um 0,3% árið 2013.

Umskipti í fjárfestingum

Umskipti verða í fjárfestingum á yfirstandandi ári og gert er ráð fyrir að heildarfjárfestingar aukist um ríflega 17%, sem er ívið meira en áætlað var í haust. Áætlað er að fjárfestingar vaxi um 14% á næsta ári og 10% árið 2013. Þennan vöxt má rekja að mestu til aukningar í atvinnuvegafjárfestingum, sem vaxa um þriðjung á yfirstandandi ári, um tæpan fimmtung á næsta ári og 10% árið 2013. Vöxtur atvinnuvegafjárfestinga skýrist að stærstum hluta af framkvæmdum við álverið í Straumsvík, kísilver í Helguvík og tengdum orkuverum. Í spánni nú er gert ráð fyrir hægari vexti annarra atvinnuvegafjárfestinga en til stóriðju en í haustspánni. Mikil óvissa ríkir um þær vegafamkvæmdir sem fyrirhugað var að fjármagna með einkafjármagni. Nú er aðeins gert ráð fyrir að ráðist verði í framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng sem áætlað er að kosti um 10 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar hefjist síðla þessa árs og ljúki á árinu 2013.



Mikil óvissar ríkir um aðrar fjárfestingar atvinnuveganna en geta margra fyrirtækja til að fjármagna nýjar framkvæmdir ræðst af því hvernig til tekst með fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Óvissa í rekstri og fjármögnunarerfiðleikar tefja nauðsynlegar fjárfestingar í atvinnulífinu og hamlar vexti hagkerfisins. Mikill samdráttur í innlendri eftirspurn hefur auk þess valdið því að mörg fyrirtæki eru með vannýttu framleiðslugetu og hafa því litla þörf fyrir frekari fjárfestingu á næstu misserum. Horfur eru á að endurskipulagningu á þorra fyrirtækja verði lokið um mitt þetta ár og almennar fjárfestingar fyrirtækja taki þá hægt við sér.

Gert er ráð fyrir að endurbætur á álverinu í Straumsvík og tengdar framkvæmdir vegna orkuöflunar í Búðarhálsvirkjun nái hámarki í ár og framleiðsla geti hafist í endurbættri verksmiðju á fyrri helmingi árs 2012. Samanlögð fjárfesting í þessum verkefnum er um 80 milljarðar króna og þau skapa ríflega 1.300 ársverk á framkvæmdatímanum. Þá er áætlað að framkvæmdir við kísilveri í Helguvík fari á fullt skrið í maí. Áætlaður framkvæmdakostnaður þess verkefnis er 18 milljarðar króna og munu skapast um 300 ársverk á framkvæmdatímanum en um 90 störf til framtíðar. Framleiðslugeta verksmiðjunnar er um 40 þúsund tonn af hrákíslu á ári og er gert ráð fyrir að verksmiðjan taki til starfa um mitt ár 2013.

Útlit er fyrir að fjárfestingar hafi dregist minna saman í fyrra en haustspá hagdeildar gerði ráð fyrir. Nú er gert ráð fyrir að fjárfestingar hafi dregist saman um ríflega 8% í fyrra í stað þeirra 12% sem áætlað var í haust. Munar þar mest um aukna atvinnuvegafjárfestingu.

Niðurskurður í framkvæmdum hins opinbera


Áfram er gert ráð fyrir aðhaldi í opinberum fjárfestingum en það dragi úr því þegar líður á spátímann. Fjárfesting hins opinbera dregst saman um ríflega fimmtung í ár eftir annan eins samdrátt í fyrra. Á næsta ári má gera ráð fyrir að framkvæmdir á vegum ríkis og sveitarfélaga dragist saman um tæp 4% en taki að aukast á ný árið 2013 og vaxi þá um 2%. Spáin nú gerir ráð fyrir nokkuð minni samdrætti í opinberum framkvæmdum í ár og nokkuð meiri samdrætti á næsta ári en gert var ráð fyrir í haustspánni, þannig að niðurskurðinum er dreift á ívið lengra tímabil en áður var áætlað.

Atvinnuástandið fer hægt batnandi

Staðan á vinnumarkaði er erfið og hefur lítið batnað frá því í fyrra, en þá mældist atvinnuleysið 9,3%. Atvinnuleysið mældist 8,6% nú í febrúar sem jafngildir því að um 13.800 manns hafi verið án atvinnu. Þegar tekið hefur verið tillit til breytinga sem gerðar voru á bótarétti atvinnuleysistrygginga í fyrra er staðan mjög svipuð og fyrir ári. Horfur eru á að lítil breyting verði á atvinnuleysinu í mars en að ástandið fari síðan hægt batnandi þegar líður á árið.

Ýmislegt bendir til þess að störfum taki ekki að fjölga fyrr en fjárfestingar taka við sér á nýjan leik seinna á árinu. Frá því eftir bankahrún hefur vinnutími dregist meira saman en fjöldi starfa og því má gera ráð fyrir að þegar efnahagslífið réttir úr kútnum lengist vinnutími þeirra sem nú þegar eru í starfi áður en fleira fólk verður ráðið til starfa. Framleiðsla gæti því aukist nokkuð á næstu misserum án þess að störfum fjölgi að ráði. Þrátt fyrir þetta er útlit fyrir að atvinnuástandið fari hægt batnandi á næstu árum í takt við bata efnahagslífsins og að atvinnuleysið verði að jafnaði 7,4% í ár, 6,1% á næsta ári og 5,2% á árinu 2013.

Atvinnuleysi



Innflutningur eykst

Stór hluti neyslu- og fjárfestingarvara er innfluttur. Með vaxandi umsvifum í hagkerfinu má búast við að innflutningur aukist á ný eftir mikinn samdrátt síðustu ár. Áætlað er að vöxturinn verði fremur hægur í ár en hann taki við sér á næsta ári þegar einkaneysla og fjárfestingar aukast, gjaldeyrishöftum verður aflétt og gengi krónunnar styrkist. Hagdeildin spár því að innflutningur aukist í ár um 1,6% og um 4,5% á árinu 2012. Það hægi síðan heldur á innflutningnum árið 2013 þegar framkvæmdum við álverið í Straumsvík og kísilverið í Helguvík lýkur en það ár er áætlað að innflutningur aukist um 3,5%.


Aukinn útflutningur

Veik króna og lágt raungengi styðja við útflutningsgreinarnar og bæta samkeppnistöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Þrátt fyrir það hefur útflutningur ekki vaxið eins og ætla mætti. Svigrúm margra útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi, fiskvinnslu og álbræðslu til að auka framleiðslu er nú fullnýtt en mikil skuldsetning og erfitt aðgengi að lánsfé takmarka möguleika margra útflutningsfyrirtækja til vaxtar. Þessi staða hamlar því að hefðbundnar útflutningsgreinar geti nýtt sér hagstæð samkeppnisskilyrði.

Útflutningur jókst um 1,1% í fyrra, þar af drógst vöruútflutningur saman um 2% á meðan þjónustu-útflutningur jókst um 6,5%. Samdráttur í vöruútflutningi skýrist að mestu af breytingum í útflutningi

sveiflukenndra útflutningsvara eins og flugvéla, sem vega þungt. Þegar horft er framhjá þessum liðum þá jókst heildarútflutningur um ríflega 3%. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti á næstu misserum. Nokkur breyting hefur orðið á spá um útflutning á yfirstandandi ári, m.a. vegna aukinnar loðnuveiði. Nú er gert ráð fyrir að útflutningur aukist um 1,8% í stað 2% samdráttar. Á næsta ári hefst framleiðsla í endurbættri álverksmiðju í

Viðskiptajöfnuður



Straumsvík og má búast við að útflutningur aukist nokkuð á því ári eða um 2,4%. Árið 2013 tekur kísilver til starfa í Helguvík og gerir spáin ráð fyrir að útflutningur vaxi um 2,3% það ár.

Mikill afgangur að viðskiptum við útlönd

Útflutningur hefur vaxið á sama tíma og innflutningur hefur dregist mikið saman og því hefur afgangur af viðskiptum með vöru og þjónustu verið mikill. Þrátt fyrir að innflutningur fari vaxandi á nýjan leik mun áfram verða mikill afgangur af viðskiptum við útlönd allan spátímann, ef horft er framhjá vaxtagreiðslum af skuldum fyrirtækja í slitameðferð. Þegar líður á spátímann minnkar afgangurinn í takt við vaxandi innflutning en afgangurinn verður þó áfram umtalsverður.

Krónan áfram veik

Mikill afgangur af viðskiptum við útlönd ætti að öllu jöfnu að skila sér í miklu innstreymi gjaldeyris og sterkari krónu. Háar afborganir af skuldum þjóðarbúsins leiða aftur á móti til þess að stór hluti gjaldeyrissins hverfur aftur úr landi og heldur aftur af gengisstyrkingu.

Líkt og í haustspánni er áfram gert ráð fyrir því að krónan styrkist nokkuð á spátímanum eða sem nemur 10% en verði áfram veik. Krónan styrktist um 12% í fyrra mælt frá ársbyrjun til ársloka en hefur aftur veikst nokkuð það sem af er þessu ári eða um 4%. Eins og áður ríkir mikil óvissa um þróun gengisins og erfitt að sjá hana fyrir. Búast má við því að krónan veikist tímabundið þegar Seðlabankinn byrjar að losa um gjaldeyrishöft. Áætlun um losun gjaldeyrishafta liggur enn ekki fyrir en gert er ráð fyrir að hún verði lögð fram fyrir lok marsmánaðar.

Órói í arabalöndum - hækkandi olíuverð og hrávöruverð

Gert er ráð fyrir heldur hægari vexti í helstu viðskiptalöndum okkar í ár og á næsta ári en áður var spáð. Verðbólguhorfur í helstu viðskiptalöndunum hafa versnað frá því í október, aðallega vegna hækkana á olíu og hrávörum. Aukin eftirspurn, uppskerubrestur og vaxandi órói í arabalöndum ásamt aukinni spákaupmennsku með hrávörur, ýta undir verðhækkanir.

Alþjóðleg viðskipti hafa tekið við sér á ný eftir mikinn samdrátt á árinu 2009. Ísland nýtur góðs af auknum heimsviðskiptum og má búast við að eftirspurn eftir útflutningaafurðum okkar aukist á næstu misserum. Á sama tíma hefur verð á helstu útflutningsafurðum hækkað mikið. Álverð hækkaði um 28% í erlendri mynt í fyrra og útlit er fyrir áframhaldandi hækkun á næstu misserum. Verð sjávarafurða hefur einnig hækkað og horfur eru á að verð þeirra hækki áfram í takt við hækkandi matvælaferð í heiminum.

Olíuverð hækkaði um tæpan þriðjung í fyrra. Áfram er gert ráð fyrir að tölurverðum hækkunum á olíu og bensíni eða allt að fimmtungs hækkun á þessu ári en síðan dragi verulega úr hækkunum á árunum 2012 og 2013.

Verðbólga vex en verður við verðbólgu markmiðið

Horfur um þróun verðlags hafa dökknað frá því í haust. Í haustspá hagdeildar var gert ráð fyrir að verðbólga yrði á bilinu 1,7% - 1,9% á næstu þremur árum. Áhrifa af hækkandi heimsmarkaðsverði á olíu og kornvörum er farið að gæta og munu enn aukast þegar líða tekur á árið. Styrking krónunnar mun veða nokkuð upp á móti en nú er útlit fyrir að verðbólga verði á bilinu 2,2% - 3,0% á spátímanum.

Verðbólga mældist 1,9% í febrúar og hefur hjaðnað hratt á síðustu mánuðum en hækkunir á olíu, bensíni

og ýmsum matvælum þrýsta nú upp almennu verðlagi og verðbólga mun því aukast nokkuð á ný þegar líður á árið. Ólíklegt er að verð á þessum vörum lækki á næstu misserum en slaki í hagkerfinu og styrking krónunnar munu vinna nokkuð á móti. Gera má ráð fyrir tímabundnu verðbólgu skoti í kjölfar þess að Seðlabankinn byrjar að losa um gjaldeyrishöftin, um mitt þetta ár.

Hagdeildin spáir því að verðbólga verði að meðaltali 2,2% í ár, 3,0% á næsta ári og 2,7% árið 2013.

